

4. gr.

Í 1. mgr. 33. gr. fellur orðið lífeyrstryggingadeild brott og orðið Tryggingastofnunar breytist í Tryggingastofnun.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 15., 16. gr. a, 54. og 66. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 12. febrúar 1999.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Guðríður Þorsteinsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Akranesveitu.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Akranesveitu er taki gildi 1. mars 1999.

Gjaldskrá Akranesveitu, nr. 455 17. júlí 1998, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

Vegna sölu á heitu vatni.

D-hluti.

1. gr.

Akranesveita selur heitt vatn samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð.

2. gr.

Fastagjald greiðist af öllu hituðu húsnæði. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

Fastagjaldið reiknast úr frá flatarmáli (F) samkvæmt fasteignamati. Flatarmál bílgeymslna er ekki tekið með flatarmáli íbúðarhúsnæðis, nema þær séu notaðar sem íbúðar- eða atvinnuhúsnæði.

Fastagjald á mánuði = $F \times 11,60$ kr./m² ef F er minna en eða jafnt 130 m².

Fastagjald á mánuði = $1.508 + (F - 130) \times 6,98$ kr./m² ef F er stærra en 130 m².

3. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er:

- a. Þeir sem greiða fastagjald samkvæmt 2. gr.: kr. 77,11 fyrir hvern rúmmetra vatns.
 - b. Þeir sem ekki greiða fastagjald samkvæmt 2. gr.: kr. 103,06 fyrir hvern rúmmetra vatns.
- Gjaldið leiðréttist miðað við reiknað hitastig við húsvegg sbr. reglugerð Akranesveitu.

4. gr.

Fyrir hvern mæli skal greiða gjald mánaðarlega.

Fyrir mæla með nafnrennsli allt að 6m³/klst.: 280 kr./mán.

Fyrir mæla með nafnrennsli yfir 6m³/klst.: 502 kr./mán.

5. gr.

Komi til lokunaraðgerða sbr. reglugerð Akranesveitu, skal greiða gjald kr. 1.543. Fyrir aukaálestur af mæli skal greiða kr. 558.

6. gr.

Stofngjöld skal greiða af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar óupphitaðar byggingar aðrar en bifreiðageymslur. Innifalið í stofngjaldi er heimæð allt að 25 m innan lóðarmarka og mælagrind.

Stofngjald skal vera:

Stærð húss:	Stofngjald kr.:
Allt að 250 m ³	73.250
251 - 500 m ³	73.250 fyrir 250 m ³ + 174,57 kr./m ³ yfir 250 m ³
501 - 1500 m ³	116.892 fyrir 500 m ³ + 102,45 kr./m ³ yfir 500 m ³
1501 - 6000 m ³	219.342 fyrir 1500 m ³ + 65,73 kr./m ³ yfir 1500 m ³
yfir 6000 m ³	515.127 fyrir 6000 m ³ + 51,64 kr./m ³ yfir 6000 m ³

Lágmarks stofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera kr. 55.206. Sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

Fyrir fleiri mælagrindur en eina skal greiða sérstakt mælagrindargjald.

Mælagrindargjald er 16.698 kr./grind.

Gjald fyrir heimæðar á skipulögðum þéttbýlissvæðum, sem eru lengri en 25 m innan lóðarmarka er 3.344 kr./m umfram 25 m. Utan þéttbýlis kostar hitaveitan heimæð allt að 50 m frá stofnlögn, en húseigandi greiðir það sem umfram er samkvæmt kostnaðarreikningi.

7. gr.

Hitaveitugjöld vegna heitavatns samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu neysliverðs í júlí 1998 sem er 183,6 stig.

Iðnaðarráðuneytinu, 17. febrúar 1999.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

REGLUGERÐ

um skýrslugerð vegna smitsjúkdóma.

Um skráningarskyldu.

1. gr.

Sóttvarnalæknir er ábyrgur fyrir því að haldin sé smitsjúkdómaskrá. Skráin tekur til smitsjúkdóma og ónæmisáðgerða. Gæta skal fyllsta trúnaðar um allar einkalífssupplýsingar sem fram koma í smitsjúkdómaskrá og gilda um skrána sömu reglur og aðrar sjúkraskrár. Ítrustu varúðar skal gætt við meðferð, vörslu og sendingu upplýsinga um tilkynningaskylda sjúkdóma.

2. gr.

Smitsjúkdómar eru skráningarskyldir og þeir smitsjúkdómar sem ógnað geta almannaheill eru jafnframt tilkynningarskyldir.

Með skráningarskyldu er átt við skyldu til að senda sóttvarnalækni ópersónugreindar upplýsingar en með tilkynningarskyldu er átt við skyldu til að senda persónugreindar upplýsingar um sjúkdómstilvik.